



Sjálfbærnistefna

Útgáfa	2.0	Dagsetning	19.08.2025
Ákvörðunaraðili:	FOS-Framkvæmdastjóri fjármála	Endurskoðun:	Eftir þörfum
Tilgangur:	Tilgangur sjálfbærnistefnu Fossa fjárfestingarbanka hf. (hér eftir „Fossar“ eða „bankinn“), er að tryggja að starfsemi félagsins stuðli með sjálfbærum hætti að jákvæðum áhrifum á umhverfi, mannauð og stjórnarhætti og sameiginlegum ávinningi fyrir alla hagaðila.		
Markmið	Markmið stefnunnar er að leggja grunninn að áherslum félagsins á sviði sjálfbærni og skilgreina þá málaflokka sem félagið getur haft mest áhrif á og eru viðeigandi og mikilvægir fyrir kjarnastarfsemi félagsins.		
Umfang:	Afstaða bankans til sjálfbærnimála. Skjalið er til nánari útfærslu á áherslu á stefnu Skaga hf. um sjálfbærni.		
Gildissvið:	Stefnan nær til allrar starfsemi félagsins sem og til stjórnar, starfsmanna, stjórnenda, birgja og þriðju aðila sem vinna í þágu félagsins.		
Yfirskaðingur:	Stefna um stjórnkerfi, Stefna Skaga um sjálfbærni		
Réttarheimildir:	M.a. 66. gr. d. laga nr. 3/2006 um ársreikninga og lög nr. 25/2023 um upplýsingagjöf um sjálfbærni á sviði fjármálaþjónustu og flokkunarkerfi fyrir sjálfbærar fjárfestingar.		
Eigandi:	FOS-Framkvæmdastjóri fjármála		
Birting:	Innanhúss/Utanhúss		

1 Inngangur

Fossar eru starfandi fjárfestingarbanki með leyfi sem lánaþyrftækni á grundvelli laga nr. 161/2002 um fjármálaþyrftækni. Bankinn er meðvitaður um mikilvægi sjálfbærni í starfsemi hans og í samfélaginu í heild. Það er trú bankans að með því að stuðla að sjálfbærum starfsháttum komi ekki eingöngu umhverfinu og samfélaginu að gagni, heldur stuðli áhersla á sjálfbærni í starfsemi einnig að langtímaárangri bankans.

Stefnuyfirlýsing

Fossar vilja stuðla að góðum verkum með sameiginlegum ávinningi fyrir samfélagið, starfsfólk, viðskiptavinum og hluthafa. Bankinn tilheyrir samstæðu Skaga hf. (hér eftir „Skagi“, en samstæða Skaga nefnd „samstæðan“) þar sem lögð er rík áhersla á að sjálfbærni sé samofin rekstri þess. Félög í samstæðunni nálgast sjálfbærni sameiginlega út frá tvöföldu mikilvægi (e. Double Materiality), með því að framkvæma tvöfalda mikilvægisgreiningu (e. Double Materiality Assessment) en með tvöfaldri mikilvægisgreiningu er lagt mat á það hvernig sjálfbærniþættir tengdir umhverfi, félagslegum málefnum og stjórnarháttum (hér eftir „UFS“), hafa áhrif á rekstur samstæðunnar og hvernig samstæðan hefur áhrif á fyrrnefnda þætti. Samstæðan leggur áherslu á að veita hagaðilum greinargóðar upplýsingar byggðar á slíkri greiningu.

2 Hlutverk og ábyrgð

2.1 Stjórn

Stjórn Fossa ber ábyrgð á sjálfbærnistefnu þessari og ber henni að tryggja innleiðingu stefnunnar. Þá ber stjórn ábyrgð á að rýna og uppfæra stefnuna reglulega af stjórn.

2.2 Framkvæmdastjórn

Framkvæmdastjórn ber ábyrgð á innleiðingu stefnunnar og að henni sé fylgt í starfsemi bankans. Stjórnendur bera ábyrgð á því að efni stefnunnar endurspeglar starfsemi bankans.

2.3 Starfsfólk

Starfsfólk bankans ber að starfa samkvæmt þeim ferlum, reglum og verklýsingum sem félagið og viðeigandi félög innan samstæðunnar hafa innleitt.

3 Skuldbindingar og þátttaka á sviði sjálfbærni

Samstæðan styður heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna og skal nýta þau sem leiðarljós í allri sinni starfsemi. Félagið einblínir sérstaklega á eftirfarandi markmið:

- **Heimsmarkmið 3 - Heilsa og vellíðan:** Stuðla að heilbrigðu lífverni og vellíðan fyrir alla frá vöggju til grafar.
- **Heimsmarkmið 5 - Jafnrétti kynjanna:** Jafnrétti kynjanna verði tryggt og völd allra kvenna og stúlkna eflað.
- **Heimsmarkmið 8 - Góð atvinna og hagvöxtur:** Stuðla að viðvarandi sjálfbærum hagvexti og arðbærum og mannsæmandi atvinnutækifærum fyrir alla.
- **Heimsmarkmið 12 - Ábyrg neysla og framleiðsla:** Sjálfbær neyslu- og framleiðslumynstur verði tryggð.

Fossar eru óbeinn aðili að meginreglum Sameinuðu þjóðanna um ábyrgar fjárfestingar, Principles for Responsible Investment (UN PRI), í gegnum aðild Skaga hf., sem er móðurfélag Fossa. Með þeirri aðild skuldbindur Skagi sig opinberlega til að innleiða og útfæra meginreglur þeirra í starfsemi sinni. Skagi er einnig aðili að Festu, miðstöð um sjálfbærni, og UN Global Compact, alþjóðlegum sáttmála Sameinuðu þjóðanna, sem hafður er að leiðarljósi við innleiðingu ábyrga starfshátta. Með aðild sinni skuldbindur félagið sig til þess að vinna að tíu grundvallarmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna um sjálfbærni og styðja helstu markmið þeirra.

Fossar eru einnig aðili að IcelandSIF, umræðuvettvangs um ábyrgar fjárfestingar, sem hefur það markmið að efla þekkingu á sjálfbærum og ábyrgum fjárfestingum.

4 Fossar og sjálfbærni

Fossar skulu líta á sjálfbærni sem langtímaverkefni og leitast við að hafa sjálfbærni að leiðarljósi í allri sinni starfsemi. Fossar eru í öflugri stöðu til að stuðla að jákvæðum breytingum í samfélaginu og skal leggja sitt af mörkum til samfélagslegra markmiða með markvissum aðgerðum í umhverfismálum, félagslegum þáttum og góðum stjórnarháttum. Á meðan Fossar vinna að því að tryggja fjárhagslegan árangur skal jafnframt leggja áherslu á að draga úr neikvæðum áhrifum sem starfsemi viðkomandi bankans kann að hafa á umhverfið, samfélagið og fólkið í kring. Með því styrkir bankinn bæði eigin seiglu og traust meðal hagaðila.

4.1 Umhverfismál

Fossar skulu leggja áherslu á að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og halda neikvæðum umhverfisáhrifum í lágmarki.

Fossar skulu mæla og birta tölfræði um eigin losun gróðurhúsalofttegunda eftir viðurkenndri aðferðafræði. Tölfræðin skal ná bæði til beinnar og óbeinnar losunar frá rekstri viðkomandi félags. Sú losun sem eftir stendur af rekstri félaga í samstæðu Skaga skal kolefnisjöfnuð með vottuðum einingum frá viðurkenndum aðilum.

Félagið skal leggja áherslu á að meðhöndla úrgang á ábyrgan hátt og stuðla að virkni hringrásarhagkerfis með endurnotkun og endurvinnslu.

Félagið skal greina áhrif loftslagsbreytinga á starfsemi sína og nýta greininguna við áhættustýringu.

4.2 Félagsmál

Fossar skulu leitast við að hafa jákvæð og uppbyggileg áhrif á samfélag sitt. Í því samhengi er starfsfólk og viðskiptavinir félaganna í lykilhlutverki.

4.2.1 Mannréttindi

Fossar skulu virða mannréttindi viðskiptavina og samstarfsaðila og koma fram við þá af sanngirni og virðingu. Fossar líta svo á að allir eigi jafnt tilkall til þess að mannréttindi þeirra séu virt, án tillits til kynþáttar, litarháttar, kynferðis, tungumáls, trúar, skoðana, þjóðernis, uppruna, eigna eða annarra þátta eða aðstæðna. Að sama skapi skal félagið gera þá kröfu að hagaðilar þeirra virði mannréttindi. Fossar líða hvorki barnaþrælkun né önnur mannréttindabrot og verði birgjar eða samstarfsaðilar félaganna uppvísir að slíkum brotum skulu félögin áskilja sér þann rétt að slíta viðskiptasambandi við viðkomandi.

4.2.2 Mannauður - Jöfn tækifæri fyrir öll

Til staðar er metnaðarfull mannauðsstefna fyrir samstæðu Skaga. Fossar skulu leggja áherslu á jafnrétti og í starfseminni. Hver og einn starfsmaður skal metinn að verðleikum eftir hæfni og frammistöðu, óháð kyni, kynferði, kynþætti, litarhætti, þjóðerni, trúarbrögðum, stjórnmálaskoðunum, þjóðfélagsstöðu, ætterni eða annarra ómálefnalegra þátta eða aðstæðna. Þá er leitast við að horfa til sjónarmiða um fjölbreytni mannauðs þar sem við á. Með virkri jafnréttis- og jafnlaunastefnu stuðlar félagið að því að hæfileikar og færni alls mannauðs samstæðunnar njóti sín sem best.

4.2.3 Heilsa og öryggi starfsfólks

Fossar skulu leitast við að tryggja öruggar vinnuaðstæður starfsfólks og gott starfsjafnvægi. Bankinn kappkostar að sjá starfsfólki fyrir nauðsynlegum búnaði, aðstöðu og vinnuumhverfi sem tryggir að allt starfsfólk fari heim að loknu dagsverki við sömu eða betri heilsu en þegar það hóf störf. Hjá Fossum er einelti, kynferðislegt og kynbundið áreiti eða hvers kyns ofbeldi ekki liðið. Vinnuverndarstefnu Skaga er ætlað að tryggja öryggi og heilsu starfsfólks þar sem til jafns er lögð áhersla á andlega og líkamlega heilsu.

4.2.4 Fjárhagsleg heilsa

Fossar skulu leitast eftir að hafa jákvæð áhrif og stuðla að bættu fjármálalæsi og fjárhagslegu sjálfstæði viðskiptavina. Bankinn styður við ýmis góðgerðarmál, einkum í gegnum árlega Takk-daginn.

4.3 Stjórnarhættir

Félög í samstæðu Skaga fylgja leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja sem gefnar eru út af Viðskiptaráði Íslands, Samtökum atvinnulífsins og Nasdaq Iceland og leggja þannig grunn að traustum samskiptum við hagaðila og gagnsæi í stjórnarháttum samstæðunnar. Fossar hafa tileinkað sér þá stjórnarhætti sem fjallað er um í fyrrnefndum leiðbeiningum eftir því sem við á en gætir einnig að þeim sérreglum um stjórnarhætti, starfshætti og stjórnskipulag í lögum og reglum sem ganga í einhverjum tilvikum lengra en leiðbeiningarnar.

4.3.1 Mikilvægisgreining

Fossar leggja ríka áherslu að þekkja áhættuþætti er snúa að sjálfbærni og áhrif af starfsemi sinni og veita upplýsingar um sjálfbærnimál á grunnni tvöfaldrar mikilvægisgreiningar.

4.3.2 Ábyrg virðisheðja

Fossar skulu setja sér siðareglur birgja og skulu taka fulla ábyrgð á mikilvægu hlutverki sínu í virðisheðjunni og leggja sitt af mörkum í ábyrgri virðisheðju. Félagið skal framkvæma reglulega birgjamat og hvetja birgja sína til að huga að UFS þáttum í sínum virðisheðjum.

4.3.3 Persónuvernd og upplýsingaöryggi

Fossar hafa skýra stefnu um rekstur upplýsingakerfa og reglur um vinnslu persónuupplýsinga í starfsemi sinni. Þannig er stuðlað að öruggu og traustu umhverfi viðskiptagagna og persónulegra upplýsinga og tryggir að það starfi í samræmi við persónuverndarlög og góða viðskiptahætti.

4.3.4 Ábyrgar fjárfestingar og lánveitingar

Fossar geta haft áhrif í gegnum fjárfestingar, bæði fyrir eigin reikning og sem mælt er með í fjárfestingarráðgjöf, og lánveitingar. Með því að taka tillit til UFS þátta við fjárfestingar og lánveitingar er mögulegt að auka verðmætasköpun, s.s. með því að lágmarka áhættu tengda sjálfbærnimálum og virkja félög til betri starfshátta.

Við fjárfestingar og lánaákvörðanir skal bankinn við mat á áhættu og verðlagningu horfa til UFS þátta til viðbótar við aðra ákvörðunarþætti. Fossar skulu leitast við að horfa til eftirfarandi leiðbeinandi viðmiða við ákvörðanatöku í lánveitinga- og fjárfestingarferli bankans:

- að innleiða og taka mið af UFS þáttum samkvæmt viðeigandi lögum og reglum í greiningar- og ákvörðunarferli vegna lánveitinga og fjárfestinga;
- að sækja viðeigandi upplýsingar um UFS þætti og kalla eftir þeim frá lántökum, útgefendum og hagaðilum, þegar við á;
- að meta áhættu tengda sjálfbærni til viðbótar við aðra áhættuþætti á grundvelli þeirra upplýsinga sem aflað er;
- að eiga virkt samtal við lántaka og útgefendur um samfélagslega ábyrgð og innleiðingu sjálfbærniþátta í starfseminni, þar sem við á;

Bankinn skal beita þeirri aðferðafræði sem hann telur mest viðeigandi hverju sinni. Samþætting sjálfbærniáhættu og UFS þátta við fjárfestingar og lánveitingar getur verið mismunandi eftir eðli vænts lántaka (í tilviki lánveitinga), tegundum fjárfestinga og hversu gott aðgengi er að upplýsingum um viðeigandi útgefanda. Vægi sjálfbærniþátta við ákvörðanatöku skal meta eftir atvikum og eðli þeirrar lánveitinga eða fjárfestinga sem um ræðir í hvert sinn.

4.3.5 Siðferði

Allt starfsfólk Fossa undirritar siðareglur þegar það hefur störf og staðfestir með því ætlun sína að vanda samskipti við aðra. Bankinn skal leggja áherslu á að koma í veg fyrir hagsmunaárekstra. Með innleiðingu á reglum um varnir gegn hagsmunaárekstrum getur félagið dregið úr hættu á að starfsfólk tengist einstökum úrlausnarefnum þannig að draga megi í efa óhlutdrægni þeirra við meðferð og afgreiðslu einstakra mála. Bankinn skal stunda heiðarleg og ábyrg viðskipti þar sem hvers konar mútur eða spilling eru hvorki viðhöfð né liðin. Unnið skal er eftir reglum um meðferð tilkynninga um misferli og vernd uppljóstrara.

4.3.6 Hlítingarmenning

Fossar hafa sett sér stefnu um hlítingaráhættu og til staðar er virk regluvarsla. Jafnframt skal tryggja að til staðar sé skilvirkt stjórnkerfi og innri ferlar og eftirlitsaðgerðir sem stuðla að reglufylgni í allri starfsemi samstæðunnar.

5 Eftirlit

ÍV skal setja sér markmið til að fylgja eftir framkvæmd stefnunnar. Árlega er gefin út sjálfbærniskýrsla með sjálfbærniuppgjöri samstæðunnar, sem byggð er á tvöfaldri mikilvægisgreiningu félagsins.

6 Endurskoðun stefnu

Stjórn skal endurskoða þessa stefnu eftir þörfum.

7 Breytingaskrá

Útgáfa	Dagsetning	Ákvörðunaraðili	Breyting
1.0	01.11.2021	Stjórn	Ný stefna
1.2	30.06.2023	Stjórn	Uppfærsla
1.3	27.08.2024	Stjórn	Uppfærsla
2.0	19.08.2025	Stjórn	Ný stefna til samræmis við stefnu móðurfélags